

Mánudaginn 2. okt. 1931.

Nr. 81/1931. **Réttvísinn** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Friðrik Hafberg Einarssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1931: Ákærður, Friðrik Hafberg Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann greiði Mariusi Ólafssyni kr. 366.25 innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar. Þar með taldan kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, er það sannað, að ákærði fór þann 5. marz þ. á. seint um kvöld inn í vörugeymsluhús Karls Sæmundsonar & Co. í Reykjavík og tók þaðan ellufu oliustakka. Flutti hann fjóra af þeim í híbýli sín, en sjö þeirra fundust daginn eftir undir brotnum glugga á vörugeymsluhúsinu. Hefir ákærði staðhæft, að vörugeymsluhúsið hafi verið ólæst og hann því komizt inn í það án þess að nota lykil eða annað áhald og hefir eigi tekizt að afsanna þetta.

Framangreint afbrot ákærða, sem einu sinni áður hefir verið dæmdur skilorðsbundið fyrir þjófnað, heyrir undir 8. gr. í lögum nr. 51, 7. maí 1928 og þykir refsingin hæfilega ákveðin af undirdómaranum þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinsvegar er það ekki sannað, að ákærði hafi tekið annað eða meira úr vörugeymsluhúsinu en áðurnefnda ellefu oliustakka, og þar sem þeim hef-

ir öllum verði skilað aftur til eigandans, verður ákærður eigi í þessu máli dæmdur til að greiða skaðabætur og ber því að fella iðgjaldaákvæði aukaréttardómsins úr gildi.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði, svo og áfrýjunarkostnaðinn, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í héraði er það vítavert, að rannsóknardómarinn hefir rannsakað híbýli ákærða, án þess að séð verði, að húsleit hjá honum hafi áður verið ákveðin með dómsúrskurði. Ennfremur athugast, að undirréttardómarinn hefir eigi útvegað hegningarvottorð ákærða úr Hafnarfirði, en það hefir verið útvegað síðar og lagt fram í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Friðrik Hafberg Einarsson, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi og greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjörns Jónssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Friðrik Hafberg Einarssyni, sjómanni, til heimilis á Bergþórugötu 11 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula

almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Hinn 6. marz síðastliðinn kom á lögreglustöðina Marius Ólafsson, verzlunarmaður, og tilkynnti að brotízt hefði verið inn nóttina áður í geymslu Karls Sæmundssonar & Co. í Pósthússtræti 13, og hefðu horfið þaðan 36 oliustakkar, sem þar voru geymdir. Inn í geymsluna hafði verið farið á þann hátt, að lásinn, sem var fyrir hurðinni, hafði verið opnaður með lykli, en ekki sprengdur upp. Marius gat þess um leið, að þá fyrir skemmstu hefði hann fengið ákærðan, Friðrik Hafberg Einarsson, til þess að kaupa þennan lás fyrir sig hjá Zimsen, og hefði hann ekki skilað sér nema tveim lyklum með lásnunum, en samkvæmt síðari upplýsingu frá Zimsen þá hefðu átt að fylgja lásnunum þrír lyklar.

Ákærður var nú þegar leiddur fyrir rétt og viðurkenndi hann, að hann hefði verið drukkinn umrætt kvöld. Kveðst hann þá hafa farið inn í portið bak við hús Karls Sæmundssonar, en man ekki hvað klukkan var þá. Kveðst hann þá hafa séð, að dyrnar á vörugeymslunni voru opnar og tók þar 4 oliustakka, sem hann kveðst hafa farið með heim til sín. Einnig kvað hann sig minna, að hann hafi borið nokkra stakka yfir að tröppum á húsi frú Claessen, sem er þar rétt hjá. Við húsleit heima hjá ákærðum á Bergþórugötu 11 fundust 3 stakkar og einn stakkur á Hverfisgötu 98, þar sem hann hefir sofið. Einnig fundust daginn eftir innbrotið 7 stakkar í portinu fyrir utan gluggann á geymslu þeirri, sem stolið var úr, og var rúða brotin þar. Ákærður kveðst ekkert muna eftir því, að hann hafi brotið rúðuna og kastað stökkunum út. Hann þrætti eindregið fyrir að hafa tekið fleiri stakka en þá 4, sem fundist hafa heima hjá honum. Ákærður viðurkenndi að hafa keypt lásinn fyrir geymsluna fyrir Marius Ólafsson, hjá Zimsen, en kveðst ekki muna hvað margir lyklar fylgdu, en kveðst hafa skilað Mariusi þeim lyklum, sem fylgdu.

Ákærður var nú settur í gæzluvarðhald. En hann hefir ávallt haldið fast við þennan framburð sinn, að geymslan hafi verið opin, er hann fór inn í hana, og hann hafi engan lykil haft að henni.

Jón Guðmundsson verzlunarstjóri hjá Zimsen hefir

verið leiddur sem vitni í máli þessu og bar það, að slíkir lásar, sem sá, er var fyrir geymslunni, væri ýmist seldir með 2—3 lyklum. Og kona sú, sem gerir hreint á skrifstofu hjá Maríusi Ólafssyni og sótti kol út í geymsluna daginn áður hefir borið það, að hún hafi læst geymslunni. En þrátt fyrir það, verður rétturinn að líta svo á, að eigi sé útilokað, að dyrnar á geymslunni hafi verið opnar, er ákærður kom að henni.

Marius Ólafsson hefir gert kröfu til þess, að ákærður verði dæmdur til að greiða sér andvirði þeirra stakka, sem hurfu úr geymslunni þessa nótt og ekki var skilað aftur, en þeir eru 25. Krefst Marius kr. 14.65 fyrir stykkið. Þykir eftir atvikum rétt að ákærður greiði andvirði þeirra.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. jan. 1893. Hann hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur 10. marz 1930 verið dæmdur skilorðsbundið í 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir einfaldan þjófnað.

Framantalið brot ákærða ber að álit dómarans að heimfæra undir 8. gr. laga nr. 51, 1928, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Svo greiði hann Maríusi Ólafssyni kr. 366,25 innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. nóv. 1931.

Nr. 38/1931. **Ferdínand Carlsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Jóh. Ólafssyni & Co.

(Bjarni P. Johnson).

Innsetningargjörð felld úr gildi með því eigi var talið, að verulegur greiðsludráttur eða önnur